Þórður Ben. Sveinsson
nóv. 1981

UM SÝNINGUNA

Best er að skoða sýninguna réttsælis, því efni hennar er þannig raðað upp.

Sýningin fjallar um skipulag á Reykjavíkurborg, ríkjandi hugsun og þeim vandamálum er tengjast þeim. Hún bendir á aðra leið og vill hvetja fólk til umhugsunar um afdrifaríkt efni.

Arkitektúrteikningar á sýningunni sýna byggingarlist, er sprettur af íslenskum aðstæðum og sýna framhlið húsanna. Þær eru mínar fyrstu athuganir á því sviði og ber að skoða sem slíkar.

Ylstrætin eru stræti sprottin af íslenskum aðstæðum og gerð fyrir þær.

Samfara garðhúsum og ylstrætum væri skynsamlegt að koma upp iðnaði er vinnur úr áli staðlaðar einingar í þök, en þær mætti nota við ýmsar aðrar byggingar eins og gróðurhús, útihús bænda o.sfr, o.sfr.

Í texta nota ég jöfnum höndum orðið arkitektúr og byggingarlist, eins og mér þykir best fara hverju sinni.

Til að opna aðra vídd á efninu fylgja þrjú myndlistarverk sýningunni, sem tengjast arkitektur, annarsvegar íslens birta, tíðrætt efni sýningarinnar og hinsvegar draumur í grískri rúst. Ljóð eftir íslensk skáld um borgina kom ég ekki við vegna orðins magns af texta.

Teikningar má kaupa og liggur listi frammi hjá sýningarverði.